

Fundargerð 105. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar, haldinn þann 22. mars 2016, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mættir:

Sigurður Kári Kristjánsson,

Sigrún Árnadóttir,

Fjóla Hrund Björnsdóttir,

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm.frkvstj. sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Auglýsingar fasteigna*

Undanfarna mánuði hafa verið birtar ítarlegar auglýsingar vegna sölu eigna á Ásbrú sem hafa skilað miklum árangri. Ákveðið er í samráði við fjármálaráðuneytið að bæta við um 2 vikna birtingu fasteignaauglýsinga.

3. *Tilboð í fasteignir og kaupsamningar*

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað varðandi kauptilboð og kaupsamninga undir þessum lið.

a. *Tilboð í Valhallarbraut 756 og 757 frá Titan - HGSKIL*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Titan fjárfestingafélagi ehf. Stjórn samþykkti kauptilboðin í báðar byggingarnar og fól framkvæmdastjóra að klára málið.

b. *Tilboð í Valhallarbraut 757 frá RFL ehf - HGSKIL*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá RFL ehf. í fasteignina að Valhallarbraut 757. Stjórn hafnaði tilboðinu. Framkvæmdastjóra falið að ræða við forsvarsmenn RFL.

c. *Tilboð í Keilisbraut 773 frá F1 ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá F1 ehf. í Keilisbraut 773. Stjórn hafnaði tilboðinu.

d. *Tilboð í Keilisbraut 745 og Lindarbraut 636 frá Karli Mikla ehf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð frá Karli Mikla ehf. í Keilisbraut 745 og Lindarbraut 636. Stjórn frestaði afgreiðslu þessa máls.



FTB

e. *Tilboð í Keilisbraut 762 frá MyGroup - HGSKIL*

Framkvæmastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð MyGroup í fasteignina að Keilsbraut 762. Stjórn samþykkti tilboðið.

f. *Tilboð í Breiðbraut 674 frá Ásmundi Jónssyni*

Framkvæmdastjóri fór yfir tilboð frá Ásmundi Jónssyni í Breiðbraut 674. Stjórn hafnaði tilboðinu.

4. *Íslenskar fasteignir*

Framkvæmdastjóri og stjórn fóru yfir viðræður félagsins við Íslenskar fasteignir. Umræður.

5. *Ásbrú – Norður.*

Stjórn ákvað að fresta þessu máli til næsta stjórnarfundar.

6. *Keilir*


Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn mál Keilis vegna beiðni Keilis til ÞK. Stjórn frestaði afgreiðslu þessa máls og fól framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um málið til að senda á stjórn.

7. *Önnur mál*

Engin önnur mál voru rædd undir liðnum önnur mál.

Næsti stjórnarfundur áætlaður 21. Apríl 2016 nk.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.25



Þórunn Björnsdóttir
Fjöla Hruud Björnsdóttir.